



Fulltrúaráðsfundur

17. september 2026

Grand hótél

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Dagskrá

- 1 Lykiltölur um afkomu sjóðsins
Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri
- 2 Framvinda fjárfestingastefnu
Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringar
- 3 Önnur mál





Lykiltölur um afkomu sjóðsins

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Samantekt sameignardeildar, ávöxtun og eignapróun

Viðunandi ávöxtun janúar - júlí 2026

Samantekt - sameignardeild


- Ávöxtun er aðallega tilkomin vegna hækkana á erlendum hlutabréfamörkuðum og góðri ávöxtun á innlendu skuldabréfasafni
 - Nafnávöxtun 4,7%
 - Raunávöxtun -0,2%
- Nafnávöxtun eignaflokka
 - Erlend hlutabréf 6,1%
 - Erlend skuldabréf 0,4%
 - Innlend hlutabréf 1,9%
 - Innlend skuldabréf 5,9%
- Áætluð tryggingafræðileg staða í lok júlí 2026 er -6,8%, var í upphafi árs -5,4%
- Hrein eign sameignardeildar hækkaði um 73,2 milljarða á árinu og nam í lok júlí 1.597 ma.

Helstu stærðir úr rekstri janúar - júlí 2026

- Ráðstafað var 29 ma. til innlendra og erlendra verðbréfakaupa
- Lífeyrisgreiðslur
 - Lífeyrisgreiðslur hækka um 10,5% milli ára og námu 27,6 ma.
 - 1.638 hófu töku lífeyris á árinu
 - Fjöldi lífeyrisþega eru 28.894
- Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins
 - Fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 45.508
 - Greiðslur til sjóðsins jukust um 3,3% og námu 28,4 ma.

Þróun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris

Sameignardeild 2026 – í milljörðum króna




Eignasafn, ávöxtun og ráðstöfunarfé til fjárfestinga


Eignasamsetning júlí 2026

Sameignardeild 2026


- Ríkisskuldabréf – 10,2%
- Veðskuldabréf & fasteignatengd verðbréf – 19,4%
- Önnur skuldabréf – 6,5%
- Innlend hlutabréf – 13,1%
- Innlent laust fé – 0,4%
- Erlend hlutabréf – 39,6%
- Erlend skuldabréf – 10,6%



■ Hlutabréf ■ Skuldabréf



■ Innlent ■ Erlent



* Hlutfall verðtryggðra eigna 28%


Fjárfestingartekjur

Sameignardeild – í milljörðum króna

	Júlí 2026		Júlí 2025	
	Fjárfestingatekjur	Ávöxtun	Fjárfestingatekjur	Ávöxtun
Innlend skuldabréf	32,1	5,9%	31,9	6,3%
Innlend hlutabréf	3,8	1,9%	2,3	1,3%
Erlend skuldabréf *	0,5	0,4%	-7,3	-4,9%
Erlend hlutabréf *	36,1	6,1%	-6,6	-1,2%
Samtals	72,6	4,9%	20,3	1,5%
* Gengisáhrif	-6,9		-67,8	

Raunávöxtun sameignardeildar


Árleg raunávöxtun tímabila



Ráðstöfunarfé til fjárfestinga

Í milljörðum króna

Nettó ráðstöfunarfé nam 29 ma.



Lðgjaldagreiðslur og atvinnugreinaflokkun


Lögjöld

Sameignardeild og séreign – í milljörðum króna

	Júlí 2026	Júlí 2025
Sjóðfélagar	7,9	7,6
Launagreiðendur	20,5	19,9
Samtals	28,4	27,5
Breyting milli ára	3,3%	
Fjöldi greiðandi	45.508	45.473

Iðgjaldagreiðslur

Atvinnugreinaflokkun og fjöldi greiðandi sjóðfélaga




Lífeyrisgreiðslur og lífeyrisbyrði

Skipting lífeyrisgreiðslna 2026

Sameignardeild og séreign – 28,5 milljarðar


- Ellilífeyrir – 22,6 ma.
- Örorkulífeyrir – 3,9 ma.
- Maka- og barnalífeyrir – 1,1 ma.
- Séreignargreiðslur – 0,9 ma.



Fjöldi lífeyrisþega er 29 þúsund

Lífeyrisbyrði / Lífeyrishlutfall

Hlutfallið á milli greiddra iðgjalda til sjóðsins og lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga




Áhrifapættir:

- Hækkun lífeyrisréttinda 10% og 12%
- Verðtryggðar lífeyrisgreiðslur
- Nýir árgangar með aukin réttindi
- Fjölgun lífeyrisþega umfram greiðandi sjóðfélaga

Hækkun lífeyrisgreiðslna


Lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 67% frá desember 2020 til september 2026 vegna hækkunar réttinda og verðtryggingar. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 42%



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu

Hvað er tryggingafræðileg staða?

Mat á eignum og skuldbindingum sjóðsins



Helstu forsendur

- Ávöxtunarviðmið; 3,5% raunávöxtun
- Dánar- og eftirlifendatöflur (lífslíkur)
Hversu lengi lifa sjóðfélagar?
- Örorkutíðni


Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:

+/- 5% yfir 5 ára tímabil

+/- 10% í árslok

Tryggingafræðileg staða


Mælikvarði á hve vel sjóðurinn er í stakk búinn að standa undir skuldbindingum sínum



Tryggingafræðileg staða er metin ár hvert í tryggingafræðilegri athugun sem framkvæmd er af tryggingastærðfræðingi sjóðsins

Sjóðfélagi ber áhættu vegna ávöxtunar eigna sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu 2026



Ávöxtun séreignardeilda

Ávöxtun séreignardeilda

	Stærð	Fjöldi	Ávöxtun 2026	Ávöxtun 5 ár
Verðbréfaeið	26,3	1.150	4,8%	7,1%
Ævileið I	9,9	4.182	5,0%	5,7%
Ævileið II	6,6	1.852	4,6%	5,3%
Ævileið III	3,1	787	3,3%	5,4%
Samtals	45,9	7.441		



Fulltrúaráðsfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Framvinda fjárfestingarstefnu

Arne Vagn Olsen,
forstöðumaður eignastýringar

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is




Innlent efnahagsumhverfi


Fyrstu 8 mánuðir 2026

- Fyrstu tölur sýna 1,3% hagvöxt á fyrri helming 2026 m.v. sama tíma 2025.
- Íslenska krónan er búin að styrkjast gagnvart EUR um 5,3% og USD um 4,2% og hefur verið í styrkingarfasa undanfarin 2 ár
- Verðbólga hefur farið vaxandi á árinu og stendur í 5,6% í lok ágúst
- Stýrivextir hafa hækkað aftur og standa í 8%

Hagvöxtur síðustu ár




Þróun verðbólgu og stýrivaxta



Innlendir verðbréfamarkaðir hafa átt erfitt uppdráttar



- Íslensk hlutabréf hafa átt erfitt og sveiflukennt ár en OMXIGI vísitalan hefur lækkað um 5% það sem af er ári. Sjávarútvegsfélögin hafa hins vegar átt gott ár en þau hafa hækkað um nær 20% á árinu.
- Skuldabréfavísitalan hefur hækkað um 3,4% það sem af er ári en ávöxtunarkrafa allra skuldabréfa hefur hækkað sem hefur dregið úr ávöxtun þeirra.
- Stutt og millilöng skuldabréf hafa hækkað mest í kröfu, bæði óverðtryggð og verðtryggð. Há verðbólga hefur drifið ávöxtun verðtryggða skuldabréfa.



Erlent efnahagsumhverfi


Fyrstu 8 mánuðir 2026

- Á fyrsta árshelmingi 2026 var 0,85% hagvöxtur á evrusvæðinu og 2,4% í Bandaríkjunum m.v. sama tíma 2025.
- Verðbólga byrjaði að hækka aftur á báðum svæðum og er yfir verðból gumarkmiði
 - 3,7% í Bandaríkjunum
 - 3,3% á Evru svæðinu
- ECB hefur hækkað um 50 bps á árinu en vextir eru óbreyttir í Bandaríkjunum.




...en erlend hlutabréf skiluðu áfram góðri ávöxtun...

- Ávöxtun erlendra hlutabréfa hélt áfram að vera góð það sem af er ári. Hækkunin hefur verið drifin áfram af bandarískum stórfyrirtækjum tengt AI fjárfestingum. Atvinnugeirar sem hafa leitt hækkunir eru upplýsingatækni, samskiptaþjónusta, fjármála- og orkufyrirtæki.
- Skuldabréfamarkaðir hafa átt erfitt ár en krafa 10 ára bandaríska ríkisbréfa hafa hækkað um 77 bps. Hækkun orkuverðs hefur ýtt undir verðbólgu og aukið áhyggjur á hækkun stýrivaxta.




Ávöxtun skuldabréfa hefur verið ágæt...




...og nafnávöxtun sameignardeildar er 4,7% það sem af er ári...

Fjárfestingartekjur eru 73 ma. kr. samanborið við 102 ma. kr. á fyrra ári




...og um helming má rekja til erlendra hlutabréfa




Tiltölulega litlar breytingar hafa verið gerðar á eignasamsetningu á árinu

Sameignardeild



Séreignaleiðir eru ekki langt frá sameign í ávöxtun

Fjárfestingarstefnur ólíkar sem endurspeglar breytileika í ávöxtun



Upprifjun frá fulltrúaráðsfundi í desember 2025...

Viðamikilli vinnu við stefnumótun eignasafnsins er að ljúka

Getum við náð meiri ávöxtun út úr eignasafninu?

- Við fengum þekkt erlent ráðgjafafyrirtæki (Mercer) til að rýna eignasafnið og markmið þess með okkur
- Markmiðið var skýrt: Hvernig getum við náð enn betri langtímaávöxtun án þess að taka óþarfa áhættu?
- Snýst um að „kreista fleiri hestöfl“ úr eignasafninu til að geta greitt hærri lífeyri til framtíðar

Jafnvægið milli öryggis og ávöxtunar

- Sjóðurinn þarf að henta öllum: Bæði þeim sem eru nýkomnir á vinnumarkað og þeim sem eru farnir að taka lífeyri
- Lagst í ítarlega greiningu á skuldbindingum og vænta þróun þeirra næstu áratugi
- Þurfum að meta hversu mikla áhættu við erum tilbúin að taka og hámarka ávöxtun í samræmi við þá áhættutöku
- Útkoman er ávöxtunarmarkmið sem skilgreinir hvaða áhættu við getum tekið
- Markmið að við séum hvorki of varkár (töpum tækifærum) né of djörf (tökum óþarfa áhættu)

Niðurstaðan: Við erum á réttri leið

- Rýnin hefur leitt í ljós að eignasafn LIVE er nálægt því að vera „besta mögulega safnið“
- Við munum ekki gera stórar eða óvæntar breytingar, heldur fínstillta áherslur
- Áframhaldandi dreifing áhættu með því að fjárfesta um helming eigna erlendis

Ráðgert er að vinnunni ljúki á fyrsta þriðja ársfjórðungi 2026 með birtingu nýrrar fjárfestingarstefnu til lengri tíma

...ný fjárfestingarstefna að líta dagsins ljós

Eigendamið skilgreint og langtímaeignasafn sem er ætlað að ná þeim markmiðum


Eigendamið sameignardeildar:

- að hámarka lífeyrisréttindi sjóðfélaga til lengri tíma samhliða því að forðast verulega skerðingu réttinda

Til grundvallar nýrri fjárfestingarstefnu liggja m.a. eftirfarandi lykilþættir:

- 1) Vænt þróun skuldbindinga næstu áratugi
- 2) Ávöxtun og áhætta eignaflokka til lengri tíma
- 3) 10.000 sviðsmyndir til að skoða getu ólíkra eignasafna til að ná eigendamiðmi
- 4) Tekið tillit til áhrifa á sjóðfélaga á ólíkum aldri

Samhliða skilgreindum við fjárfestingarviðhorf, og gerðum ítarlegar grein fyrir ólíkum hlutverkum stjórnar, framkvæmdastjóra, eignastýringar og áhættustýringar við stýringu og eftirliti með eignasöfnum sjóðsins





Fulltrúaráðsfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is



Önnur mál

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
live.is





Lífeyrissjóður
verzlunarmanna